

Breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun 2005/29EB**um óréttmæta viðskiptahætti.***Alþingi
Erindi nr. P 137/362
komudagur 23.6.2009*

Með bréfi ESA 13. janúar 2009 var óskað upplýsinga um hvenær lokið yrði innleiðingu tilskipunar 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti. Efni tilskipunarinnar að undanskyldri 16. gr. hennar og viðauka I hafði verið innleitt í lög 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með breytingalögum nr. 20/2008 er tóku gildi 7. júní 2008 svo hér er um að ræða tæknilegar breytingar.

Með því lagafrumvarpi sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, þingskjal 13, 13. mál er verið að ljúka innleiðingu á 16. gr. tilskipunarinnar, 1. og 2. mgr. Þær breytingar sem hér um ræðir felast í breytingum á tilvísunum til tilskipana sem þegar hafa verið innleiddar í íslenskan rétt.

1. gr. frumvarpsins:

Í 2. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar felst að bæta þarf tilvísun til tilskipunar um óréttmæta viðskiptahætti nr. 2005/29/EB við sem 16. lið í viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli erlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd. Viðauki reglugerðarinnar var tekinn upp í lög 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd og er birtur sem fylgiskjal með þeim lögum. Þar eru taldar upp þær tilskipanir sem teljast vera lög til verndar hagsmunum neytenda, sbr. a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar EB 2006/2004 sem er fylgiskjal laga 56/2007.

Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti nr. 2005/29/EB sem er efnislega innleidd í lög 57/2005, telst til laga sem sett eru til verndar hagsmunum neytenda og bætist þess vegna tilvísun til hennar í upptalningu viðaukans.

Hér er lagt til veita viðaukanum reglugerðargildi þannig að eftir samþykkt frumvarpsins verði viðaukinn birtur sem reglugerð með stoð í 1. og 2. gr. laga nr. 56/2007 um samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.

Vakin er athygli á að reglugerð EB um samvinnu um neytendavernd (2006/2004) er áfram birt sem hluti af lögum 56/2007, hér er aðeins lagt til að setja viðaukann á reglugerðarform og verða þar taldar upp tilskipanir og reglugerðir sem þegar hafa verið innleiddar efnislega í landslög á sviði neytendaréttar eða verða innleiddar síðar meir og falla undir gildissvið laganna.

Þegar rætt er um að breytingar á viðaukanum fari í framtíðinni fram með breytingu á reglugerð, felast slíkar breytingar í nýrri tilvísun til tilskipana sem þá hafa verið efnislega innleiddar í íslenskan rétt.

2. gr. frumvarpsins:

Með 1. mgr. 16. gr. er breytt tilvísun til tilskipunar um rétt stjórnvalda eða samtaka til að leita lögbanns eða höfða dómsmál til að vernda heildarhagsmuni neytenda skv. 1. gr. laga 141/2001, sem innleiðir efni tilskipunar 98/27/EB um sama efni.

Í 1. gr. laganna er stjórnvöldum eða samtökum gert heimilt, að uppfylltum ákv. skilyrðum, að leita lögbanns eða höfða dómsmál til að vernda hagsmuni neytenda vegna háttsemi sem þykir stríða gegn tilteknum tilskipunum sem um það gilda og hafa verið leiddar í íslensk lög.

Í 1. tl. 1. gr. laganna er vísað til tilskipunar ráðsins 84/450/EBE frá 10. sept. 1984 um samræmingu á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum aðildarríkjanna um villandi auglýsingar. Í tilskipun 2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti sem hér er verið að ljúka innleiðingu á, er sérstaklega fjallað um villandi auglýsingar og hafa þau ákvæði þegar verið tekin upp efnislega í lög 57/2005 eins og fyrr er sagt. Þar af leiðandi þarf að breyta 1. tl. 1. gr. laga nr. 141/2001 á þann veg að þar verði vísað til tilskipunar um óréttmæta viðskiptahætti nr. 2005/29 í stað þess að vísað sé til tilskipunar 84/450/EBE um samræmingu á lögum um villandi auglýsingar þar sem ákvæði tilsk. um óréttmæta viðskiptahætti ganga framár.